

# Lög

## um áfengis- og vímuvarnaráðs.

### Áfengis- og vímuvarnaráð.

#### 1. gr.

Stofna skal áfengis- og vímuvarnaráð sem heyrir undir ráðherra heilbrigðismála.

Tilgangurinn með stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Markmiðið með starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

### Skipan áfengis- og vímuvarnaráðs.

#### 2. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar átta menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Til setu í áfengis- og vímuvarnaráði skal að jafnaði velja einstaklinga sem eru sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir. Forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hver sinn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Heilbrigðisráðherra skipar formann og varaformann úr ráðinu.

### Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs.

#### 3. gr.

Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs eru:

- Að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt, sem og stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma.
- Að vera ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum, þar á meðal staðbundnum nefndum sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnir, m.a. um þörf á meðferðarúræðum, og gera tillögur um stefnu stjórnvalda á þessu sviði, með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna.
- Að gera tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna.
- Að beita sér fyrir samhæfingu starfa þeirra sem vinna að áfengis- og vímuvörnum, sbr. 3. mgr. 1. gr., m.a. með því að halda reglulega samráðsfundi með fulltrúum þessara aðila.
- Að stuðla að rannsóknum á sviði áfengis- og vímuvarna, m.a. árlegum könnunum á áfengis- og vímuefnaneyslu barna og ungmenna, og fylgjast með tengslum áfengis- og fíkniefnanotkunar og afbrota.

6. Að fylgjast með stöðu áfengis- og vímuvarna í grannríkjum og annast samskipti við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum.
7. Að stuðla að útgáfu fræðslugagna um áfengis- og vímuvarnir og annast gagnasöfnun í vímuefnamálum þannig að hjá ráðinu séu nýjustu og haldbærustu upplýsingar um stöðu mála. Ráðið skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og stöðu áfengis- og vímuvarna.
8. Að annast önnur verkefni sem ráðherra eða ríkisstjórn felur ráðinu.

*Dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs.*

4. gr.

Heilbrigðisráðherra ræður framkvæmdastjóra að fenginni umsögn áfengis- og vímuvarnaráðs. Framkvæmdastjóri stýrir daglegri starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs og ræður annað starfsfólk ráðsins.

*Árlegt ráðstöfunarfé áfengis- og vímuvarnaráðs.*

5. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð hefur árlega eftirgreinda fjármuni til ráðstöfunar til að sinna hlutverki sínu:

1. Forvarnasjóð skv. 8. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi.
2. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
3. Framlög sem fyrirtæki eða aðrir kunna að leggja af mörkum til starfsemi á vegum ráðsins.

*Reglugerðarheimild.*

6. gr.

Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

*Gildistökuákvæði.*

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. júní 1998.*